



**Ræða
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á stofnfundi Samráðsvettvangs
trú- og lífsskoðunarfélaga á Íslandi**

20. febrúar 2025

Dear friends at the Forum for Interfaith Dialogue in Iceland.

As some of you may not understand Icelandic, I would like to start by saying a few words in English.

From the bottom of my heart, I want to congratulate you on the step you are taking today, by founding this association of interfaith dialogue. You came together in 2006, then 14 institutions or religious communities. Your community has matured and grown by many members since then and today, when you are being established as a formal association, you have 27 members. Well done!

I know that my predecessors have addressed your past gatherings and expressed their support for your message of 'tolerance and respect between persons belonging to different religions and your advocacy for human rights and working against prejudice. Let me make it perfectly clear, that you have my support too. Furthermore, I want to take this opportunity today to encourage you to apply the collective muscle of your membership to help us spread tolerance and respect far and wide. These are principles that are much needed to meet this moment in time when humanity is facing diminishing trust, disinformation and escalating violence and conflicts both within societies as well as between them. May you be a force for good during these disturbing times – knights of love, compassion and peace.

And now I will proceed in Icelandic:

Biskup Íslands, prestar og forstöðumenn trú- og lífsskoðunarfélaga, kæru vinir.

Eins og ég nefndi hafa forverar mínir í starfi stutt framtak ykkar og það er með ánægju sem ég feta í þeirra fótspor. Orðin sem þið leggið áherslu á í stefnuyfirlýsingu ykkar – umburðarlyndi og virðing – eru aðkallandi boðskapur, og ekki bara á vettvangi trú- og lífsskoðunarfélaga. Við þurfum öll að læra og æfa þessi gildi og halda þeim á lofti til að búa í heilbrigðu samfélagi.

Trú verða því miður oft að ágreiningsefni milli þjóða eða tilefni átaka innan samfélaga. Það er sannarlega verðugur málstaður að reyna að draga úr slíku og styðja við samtal og samstarf milli ólíkra trú- og lífsskoðana.

Það er líka mikilvægt að hafa í huga að þó að mismunandi trúarbrögð manna séu oft undirstaða ólíkrar heimssýnar, þá glímur mannkynið nú við svo mörg sameiginleg vandamál að það er einfaldlega nauðsyn að leita lausna í sameiningu. Við getum hugsað til vandkvæða sem hljótast af loftslagsbreytingum eða náttúruhamförum, hverjar svo sem orsakir þeirra kunna að vera. Þá er mikilvægt að horfast í augu við að ójöfnuður innan landa, sem og á milli heimshluta, er ósjálfbær, og vegna þess óréttlætis fara ofbeldi og átök nú vaxandi. Í stríðsátökum er alltaf þörf fyrir mannúð og mennsku og samstöðu þeirra sem vilja láta gott af sér leiða, hjúkra særðum, metta hungraða og slíðra sverðin. Þörfin fyrir boðskap friðar hafa að mínu mati aldrei verið mikilvægari.

Flest trúarbrögð, ef ekki öll fela í sér siðfræðilega hlið, málstað siðgæðis. Það er ekki síst þar sem gagnlegt er að horfa til hins sammannlega og finna samhljóm milli trúarbragða. Öll viljum við láta gott af okkur leiða, öll skiljum við að hinum særðu þarf að hjúkra, öll viljum við að barna okkar bíði betri heimur. Ef samráðsvettvangur ykkar getur aukið skilning á slíkum atriðum og samstöðu um þau er til mikils unnið.

Sjálf hef ég lengi hugsað sérstaklega mikið til barna og ungs fólks og þeirrar staðreyndar að andleg líðan þeirra hefur farið versnandi og trú þeirra á að betri heimur bíði þeirra fer dvínandi. Hér í okkar annars örugga samfélagi höfum við horft fram á skelfileg ofbeldisatvik sem hafa leitt til ótímabærra dauðsfalla. Þetta er óásættanleg staða sem krefst sameiginlegs átaks okkar allra að ráða bót á. Í samtölum við ungt fólk og aðra þá er láta sig málefni þeirra varða, sem og í fjölda rannsókna, má sjá að þessa slæmu þróun má að miklu leyti rekja til aukinnar notkunar snjallsíma og samfélagsmiðla. Þessi tól sem sannarlega færa okkur óteljandi tækifæri til að læra og vaxa, hafa líka lagt grunn að nýrri fikn og eru ein ástæða vaxandi vanlíðanar og vangetu okkar til að greina rétt frá

röngu. Umburðarlyndi og virðing hefur ekki vaxið meðfram þessari þróun, heldur virðist alvarlegt tengslarof hafa átt sér stað. Þessi lífsnauðsynlegu tengsl, við okkur sjálf, við annað fólk, við guðsgræna náttúruna og við einhvern æðri tilgang, þarf að styrkja á ný og þar tel ég að ykkar samfélag geti lagt margt af mörkum. Því þó trúarbrögð séu ólík innbyrðis, þá tel ég þau eiga það sameiginlegt að hjálpa fólki að tengja við sitt innra sjálf, tengjast öðru fólki og tengjast æðri tilgangi og gildum eins og kærleik og frið. Kærleiksrík og friðsamleg sambúð er undirstaða velsældar allra, sama hvernar trúar við erum.

Við Íslendingar vorum harla einsleit þjóð hvað trúna varðar í nokkrar aldir eftir siðaskiptin. Þetta hefur breyst á undanförunum áratugum og nú stendur tæplega helmingur landsmanna utan Þjóðkirkjunnar. Ég held að það sé hollt okkur öllum að kynnast nýjum siðum og framandi sjónarmiðum. Það hefur í raun svipað gildi og að fara í ferðalag, að fræðast og þroskast og skilja þá um leið bæði hugsun og heimsmynd annarra sem og sína eigin. Það má því segja að samráðsvettvangur ykkar hafi líka menntunargildi, geti opnað augu fólks og aukið skilning þess bæði á sjálfu sér og öðrum.

Að lokum vil ég ítreka heillaóskir mínar og vona að allar góðar vættir, goð sem guðir megi styrkja hugsjónastarf ykkar – hjálpa ykkur að breiða út kærleika, mennsku, virðingu og umburðarlyndi. Megið þið ganga veginn til góðs og vera hverju öðru og samfélagi okkar öllu styrkur og stoð. Megið þið öll bætast í raðir okkar sem höfum ákveðið að vera riddarar kærleikans og mæta þannig krefjandi tímum með því að breiða út umhyggju, ljós og hlýju.

Takk fyrir og gangi ykkur allt að sólu.